

4. gr.

6

Skrifstofa gengisnefndar skal vera bönkunum til aðstoðar við allt, sem 17. febr. viðkemur framkvæmd gjaldeyrisverzlunarinnar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari skal fara með samkvæmt 6. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun, 2. okt. 1931.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. febrúar 1932.

Ásgeir Ásgeirsson.

Gíslí Ísleifsson.

G J A L D S K R Á

um

borgun fyrir aukaverk sóknarpresta.

7

19. febr.

1. gr.

Aukaverk presta eru hin sömu, er tíðkast hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum kirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum borgun eins og hér segir:

a. Fyrir skírn	kr. 5,00
b. Fyrir fermingu með undirbúningi	— 18,00
c. Fyrir hjónavigslu	— 12,00
d. Fyrir greftrun framliðinna (Líksöngseyrir)	— 8,00
e. Fyrir endurskoðun kirkjureiknings	— 2,00
f. Fyrir vottorð sem prestur gefur í embættisnafni.	— 1,00

Þó skulu lífsvottorð, er prestur gefur vegna meðlagsgreiðslu barna, fjárhagsvottorð fátækra manna, svo og vottorð samkvæmt beiðni sveitarstjórna, eða annara stjórnarvalda, veitt ókeypis.

3. gr.

Nú flytur prestur ræðu við jarðarför eða hjónavigslu, og ber honum þá sómasamleg borgun fyrir það, eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkast hefir.

7

4. gr.

19. febr.

Sá skal greiða, er verk er fyrir unnið. Sveitarstjórn greiðir fyrir þurfalinga.

5. gr.

Skylt er að veita presti ókeypis fylgd er hans er vitjað til aukaverka.

6. gr.

Um fararbeina handa presti, er á yfir sjó að sækja til aukaverka, svo og þegar hans er vitjað til sjúkra, fer eftir tilskipun 27. janúar 1847.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 30 frá 1931, og gildir til 31. des. 1941, birtist til leiðbeiningar öllum, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1932.

Jónas Jónsson.

G. Sveinbjörnsson.

8

REGLUGERÐ

26. febr.

um

viðauka við reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 30. maí 1921.

1. gr.

Frá 1. marz 1932 til 1. marz 1933 skal veita öllum íslenskum fiskiskipum 50% afslátt á öllum lestagjöldum, víta- og sæmerkjagjöldum, bryggjugjöldum og hafnargjöldum til Reykjavíkurhafnar.

Á sama tímabili skal veita 50% afslátt af vörugjaldi af útfluttum þurr-um saltfiski.

2. gr.

d-liður 17. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi og ennfremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin áfnota.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. marz þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. febrúar 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.